

Alþingi
Erindi nr. P 139/1468
komudagur 23. 2. 2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. efnahags- og skattanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 22. febrúar 2011

1102005SA GB
Málalykill: 317

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um farþegagjald og gistináttgjald, 359. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingsi, dags. 27. janúar sl., þar sem óskað eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál.

Eins og fram kemur í skýringum við frumvarpið stóð fulltrúi sambandsins að gerð tillagna starfshóps sem fjármálaráðherra skipaði, um að tekið yrði upp gistináttgjald. Hópurinn var þó sammála um ástæða væri til að skoða frekar möguleika á því að taka upp blandaða leið gistináttgjalds og farþegagjalds og er frumvarpið því í meginatriðum í ágætu samræmi við afstöðu starfshópsins. Fulltrúi sambandsins skilaði séráherslum sem hljóða svo:

„Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga tekur undir þá meginniðurstöðu nefndarinnar að tekið verði upp gistináttgjald af ferðamönnum til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu og viðhald á ferðamannstöðum. Af hálfu sambandsins er hins vegar gerður sá fyrirvari við hugmynd um að fara blandaða leið gistináttgjalds og farþegagjalds, að hún verði útfærð á þann hátt að farþegar í innanlandsflugi verði ekki fyrir auknum kostnaði af þeim sökum.

Af hálfu sambandsins er einnig bent á að ríki og sveitarfélög hafa verið umtalsverðu fjármagni á undanförunum árum til uppbyggingar og reksturs menningartengdrar ferðaþjónustu. Í fæstum tilvikum fær þessi starfsemi þrífist án opinbers fjárstuðnings en hún gegnir hins vegar mikilvægu hlutverki í því að bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir ferðamenn. Almenn gjaldtaka af ferðamönnum virðist vera vænleg leið til þess að skjóta styrkari stöðum undir þennan mikilvæga þátt í ferðaþjónustu hér á landi. Sambandið telur nauðsynlegt að við ráðstöfun þess fjár sem aflað verður á þann hátt sem nefndin leggur til verði menningartengd ferðaþjónusta ekki undanskilin, þótt megináhersla verði lögð á að bæta aðstöðu við fjölsóttustu náttúruperlur landsins.“


Þegar ákvæði frumvarpsins eru skoðuð er ljóst að farþegum í innanlandsflugi verður gert að greiða 65 kr. vegna hverrar ferðar, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Samkvæmt skýringum við frumvarpið er áætlað að farþegar í innanlandsflugi muni samtals greiða um 13 m.kr. á ári í farþegagjald á meðan farþegar í millilandaflugi munu greiða um 182. m.kr. og farþegar á skemmtiferðarskipum og Norrænu greiða um 21 m.kr. Hlutfallslega má því væntanlega segja að gjaldtakan leggist ekki mjög þungt á farþega í innanlandsflugi eins og gjaldtakan er útfærð í frumvarpinu. Sambandið telur þrátt fyrir það fulla ástæðu til að minna á að innanlandsflugið er þær



almennings­samgöngur sem flestir landsmenn nýta sér til að komast á milli landshluta og í mörgum tilvikum er það einu almennings­samgöngurnar sem kostur er á frá viðkomandi stöðum. Að áliti sambandsins ætti innanlandsflugið því að vera undanþegið farþegagjaldi á sama hátt og ferjusiglingar innanlands verða undanþegnar gjaldinu.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við frumvarpið af hálfu sambandsins en um ráðstöfun þeirra tekna sem aflað verður á grundvelli fyrirhugaðra laga vísast í umsögn um frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamanna.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri